


Nr.: GAT-045	Verkmenntaskólinn á Akureyri	
Útgáfa: 10		
Dags.:23.02.2016		
Höfundur: AMJ		
Samþykkt: SHJ		
Síða 1 af 2	SÁLF3FR05	
	Námsáætlun Vorönn 2017	

Kennari	Hermann Jón Tómasson	Sk.st.	HTÓ
----------------	----------------------	---------------	-----

Áfangalýsing:

Fjallað er um félagssálfræði og helstu viðfangsefni hennar, m.a. staðalmyndir, fordóma, viðhorf, aðdráttarafl o.fl.. Jafnframt er fjallað um áhrif félagslegs umhverfis á hegðun, t.d. á hegðun stórra hópa, hjálpsemi og hlýðni við yfirvöld. Auk umfjöllunar um viðfangsefni félagssálfræði verður rætt um persónuleikasálfræði og það sem helst er vitað um einstaklingsmun. Áhersla er lögð á þjálfun vinnubragða hvað varðar sálfræðilegar rannsóknir og á að nemendur geti sett niðurstöður rannsókna fram með skipulegum hætti í rannsóknarskýrslu.

Áfangamarkmið:

Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:

- helstu hugtökum og kenningum sálfræði sem tengjast einstaklingsmun og persónueinkunum
- þeirri þekkingu sem til staðar er um mótun og breytingu viðhorfa
- staðalmyndum og fordómum
- áhrifum félagslegra aðstæðna á hegðun, s.s. hjálpsemi og hlýðni
- framkvæmd sálfræðilegra rannsókna og skipulegri framsetningu niðurstaðna

Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:

- afla upplýsinga, greina þær og setja í samhengi
- nýta fræðilegan texta á íslensku og e.t.v. á erlendu tungumáli
- afla gagna með því að framkvæma rannsókn
- vinna úr niðurstöðum sem aflað er með rannsókn
- setja niðurstöður tilrauna og rannsókna fram með skipulegum hætti í skýrslu


Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- leita að upplýsingum, leggja mat á þær og greina mikilvægustu atriði þeirra
- beita skapandi hugsun við lausnamiðað nám
- meta með gagnrýnum hætti upplýsingar tengdar viðfangsefnum áfangans
- skipuleggja og framkvæma rannsóknir
- setja niðurstöður rannsókna fram með skýrum og skipulegum hætti

Námsgögn:

Námsefni, eða tilvísanir í það (vefsíður og tímaritsgreinar) verður aðgengilegt á Moodlesvæði áfangans. Nemendur kynna sér efnið í samræmi við fyrirmæli námsáætlunar og ábendingar kennara. Í námsefnispakkanum er eftirfarandi efni:

- Atkinson, Atkinson og Hilgard. Sálfræði 2 (kaflar 12, 13, 17 og 18).
- Greinar á vefnum sem tengjast efnisumfjölluninni.
- Verkefni, glærur og glósur kennara.
- Leiðbeiningar og efni frá kennara vegna rannsóknarverkefnis.

Nr.: GAT-045	Verkmenntaskólinn á Akureyri	
Útgáfa: 10		
Dags.: 23.02.2016		
Höfundur: AMJ		
Sambýkkt: SHJ		
Síða 2 af 2	SÁLF3FR05	Námsáætlun Vorönn 2017


Áætlun um yfirferð:

Vika	Viðfangssefni	Lesefni	Nemendur skila
1. vika	Námsáætlun		
2. vika	12. kafli. Hæfileikar, færni þekking	12. kafli – fyrri hluti	Verkefni 1
3. vika	12. kafli. Hæfileikar, færni þekking	12. kafli – seinni hluti	Tímapróf 1
4. vika	13. kafli. Persónuleiki og persónuleikamat	13. kafli – 1. hluti	Verkefni 2
5. vika	13. kafli. Persónuleiki og persónuleikamat	13. kafli – 2. hluti	
6. vika	13. kafli. Persónuleiki og persónuleikamat	13. kafli – 3. hluti	Verkefni 3
7. vika	13. kafli. Persónuleiki og persónuleikamat	13. kafli – 4. hluti	Tímapróf 2
8. vika	17. kafli. Félagslegt atferli	17. kafli – 1. hluti	Verkefni 4
9. vika	17. kafli. Félagslegt atferli	17. kafli – 2. hluti	
10. vika	17. kafli. Félagslegt atferli	17. kafli – 3. hluti	Verkefni 5
11. vika	17. kafli. Félagslegt atferli	17. kafli – 4. hluti	Tímapróf 3
12. vika	Auglýsingasálfræði		Verkefni 6
13. vika	18. kafli. Félagsleg áhrif	18. kafli – 1. hluti	
14. vika	18. kafli. Félagsleg áhrif	18. kafli – 2. hluti	
15. vika	Páskaleyfi		
16. vika	18. kafli. Félagsleg áhrif	18. kafli – 3. hluti	Verkefni 7
17. vika	18. kafli. Félagsleg áhrif	18. kafli – 3. hluti	Tímapróf 4
18. vika	Skýrsluskil, upprifjun og samantekt		Skýrsla

Matsform:		
<input checked="" type="checkbox"/> Símat	<input type="checkbox"/> Lokapróf/valið lokapróf	<input type="checkbox"/> Lokaverkefni
Námsmatsþættir	Lýsing námsmatsþáttar	Vægi
Kaflapróf	Fjögur tímapróf úr lesefni áfangans. Einkunn úr hverju prófi gildir 7% af lokaeinkunn.	28%
Rannsókn	Vinna að undirbúningi, framkvæmd og úrvinnslu rannsóknar. Nemendur skila rannsóknarskýrslu og kynningu.	22%
Verkefni tengd efnispáttum	Verkefni tengd yfirferð námsefnis. Hvert verkefni gildir 4-5% af lokaeinkunn.	30%
Auglýsingar	Verkefni um sálfræði, auglýsingar og neyslu.	8%
Dagbók	Víkulegar hugleiðingar nemenda um námsefnið	12%
	Samtals:	100%
Annað: Nemendum ber að taka þátt í allri námsvinnu og skila öllum verkefnum.		

Kennari áskilur sér rétt til að breyta áætluninni ef nauðsyn krefur.

Dagsetning: 05.01.2017


Undirritun kennara


Undirritun brautarstj., fagstj eða staðgengils